



Efling þriðja geirans

Vettvangur fyrir samfélagslega nýsköpun í Garðabæ

Vaxandi mikilvægi þriðja geirans

Umfang þriðja geirans sem myndar félagshagkerfið er mikið og mikilvægi hans fyrir samfélagið hefur sjaldan verið meira. Samtök sem starfa til almannaheilla eru mikilvægur hluti þriðja geirans og eru farvegur almennings til að taka þátt og láta gott af sér leiða við að bæta samfélagið og líf fólks. Einkenni almannaheillafélaga er að þau eru óhagnaðardrifin og lúta því öðrum lögmálum en einkarekin starfsemi og starfsemi hins opinbera. Einkenni á stórum hluta þriðja geirans er að starfsemin er að miklu leyti borin uppi af sjálfbærðum og félagsleg gildi eru höfð að leiðarljósi.

Nú um stundir eru áskoranir samfélagsins fjölbættar sem leiðir til þess að vaxandi þörf er fyrir að efla þjónustu við einstaklinga í samfélaginu. Nærtækast er að nefna hnattrænar áskoranir eins og loftslagsbreytingar og veirufaraldur og áhrif þessara vágesta á líf fólks, ekki bara á Íslandi heldur einnig á heimsvísu; flóttamannastraum, atvinnumissi, einmanaleika, heilsubrest o.fl. Framundan eru umbreytingar á þjóðfélaginu og þar þarf að huga að lýðræði og réttlátum umskiptum sem almannaheillafélög láta sig vissulega varða.

Í nýsamþykktum lögum um almannaheillafélög hefur verið mótuð umgjörð um starfsemi og stjórnun þeirra sem er til mikilla bóta. Þá hafa verið gerðar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld sem og að skilgreina í lögum hvaða starfsemi telst til almannaheilla. Markmið þessara breytingar er að efla og auka skattalega hvata til þeirra lögaðila í þriðja geiranum sem starfa til almannaheilla.

Nýsköpun innan þriðja geirans

Til að mæta fjölbættum áskorunum sem samfélagið þarf að takast á við, og almannaheillafélög láta sig varða, þarf að leita nýrra leiða til að mæta þörfum og koma með skapandi lausnir; beita hugviti og nýsköpun. Með nýsköpun innan almannaheillafélaga er átt við nýjar eða breyttar leiðir til að mæta þörfum samfélagsins með framlagi notenda, starfsfólks og annarra hagaðila.

Aðferðafræði nýsköpunar og hönnunarhugsunar hentar vel við að takast á við áskoranir sem mæta almannaheillafélögum í innra og ytra starfi. Markmiðið er að skapa þriðja geiranum möguleika á að starfa að samfélagslegum umbótum og leiða fram lausnir á samfélagslegum vandamálum, með nýjum eða breyttum aðferðum og skapa þannig ávinning fyrir félögin, einstaklinga og samfélagið.

Nýsköpun í almannaheillafélögum lítur annars vegar að því að efla innra starfi félaganna og hins vegar að ytra starfi það sem hefur ávinning fyrir samfélagið.

Markmiðið er að efla nýsköpun í þriðja geiranum

Almannaheill, samtök þriðja geirans, og Vaxandi, miðstöð um samfélagslega nýsköpun við HÍ, hafa átt farsælt samstarf um nokkurn tíma við miðlun upplýsinga, fræðslu og viðburðahald eins og kemur fram á vef Vaxandi.¹ Þau gert með sér samkomulag um að leiða eflingu þriðja geirans og

¹ <https://vaxandi.hi.is/>



nýsköpunarstarf almannaheillasamtaka í landinu og móta farveg þess verkefnis til framtíðar. Markmiðið er að móta áherslur, skilgreina markmið og útfæra verkefnið nánar, vinna að því að koma því í framkvæmd og styrkja grundvöll þess með breiðu samstarfi aðila sem koma að fjármögnun og framkvæmd. Þetta samstarf hefur mótast og þróast frá því að Almannaheill, Vaxandi og nýsköpunarráðherra skrifuðu undir viljayfirlýsingu um eflingu samfélagslegrar nýsköpunar í október 2019. Mikilvægum áfanga var náð með samningi við Oddfellow regluna um afnot af húsnæði í Garðabæ.² Í þessu húsnæði verður starfsemi miðstöðvarinnar hýst.

Með aðkomu hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, ráðgefandi aðila og annarra hagaðila sem sjá hag sinn í að efla þetta samfélagslega verkefni, er stefnt að því að koma á vettvangi sem gegnir veigamiklu hlutverki í nýsköpun og eflingu þriðja geirans. Stefnt er að mótun starfseminnar og áætlanagerð til næstu 3-5 ára verði lokið í febrúar 2022 og starfsemin geti hafist þá.

Þessu minnisblaði er ætlað að lýsa markmiðum, hugmyndum að skipulagi og framkvæmd verkefnisins m.v. fyrirbyggjandi hugmyndir og nýta til að bjóða aðilum til samstarfs við að þróa og koma þessari hugmynd í framkvæmd.

Hugmyndin og framkvæmd verkefnisins

Starfið í miðstöðinni felst í stuðningi við almannaheillafélög og félagsmenn; hjálpa þeim að takst á við áskoranir og efla félögin í að taka þátt í samfélagslegum og kerfislegum breytingum.

1. Veita fræðslu og þjálfun, byggja upp hæfni og getu félaganna
2. Auðvelda aðgang að fjármagni
3. Stuðla að jafningafræðlu, miðlun reynslu og þekkingar á milli félaganna

Bæði verður um formleg verkefni að ræða og vettvang til umræðu, m.a. með nýsköpun í verkferlum og þjónustuframboði félaganna. Tilgangurinn er bætt þjónusta við félagsmenn, m.a. til að bregðast við nýrri eða breyttri þörf í breyttum heimi með áskoranir næsta áratugar í huga. Markhópurinn er félög innan Almannaheilla sem og önnur félög sem falla undir skilgreiningu almannaheillafélaga (sjá í viðauka).

Aðstaðan í Garðabænum verður nýtt sem vettvangur starfseminnar en mikið af starfinu mun líka fara fram með stafrænum hætti.

Stjórn verkefnisins

Myndaður verður ráðgjafaráð þeirra aðila sem standa formlega að verkefninu. Hlutverk hans er að veita innblástur, koma með hugmyndir og ábendingar. Þriggja manna framkvæmdaráð ber stjórnunarlega ábyrgð á verkefninu.

Starfsmaður mun skipuleggja starfið, viðburði og eftirfylgni og vinna með félögunum, ráðgjöfum og öðrum sem taka þátt í framkvæmd verkefna.

Kostnaður

- Húsnæði
- Fastur starfsmaður
- Rekstrarkostnaður húsnæðis, tæki o.þ.h.
- Ráðgjafakostnaður í tengslum við námskeið, lausnamót o.þ.h.
- Kostnaður við miðlun og kynningarstarf

² <https://almannaheill.is/oddfellowreglan-gefur-almannaheillum-husnaedi-til-thriggia-ara/>



almannaheill

samtök þriðja geirans

- Annað ófyrirséð

Gróf kostnaðaráætlun fyrir starfsemi til næstu þriggja ára hefur verið gerð og er hún um 21 mkr á ári sbr. meðfylgjandi kostnaðaráætlun.

Samstarfsaðilar

- Almannaheill
- Vaxandi / HÍ
- Oddfellow reglan
- Ríkið / ráðuneyti
- Garðabær og önnur sveitarfélög
- Ráðgjafar og frumkvöðlar úr nýsköpunarumhverfinu
- Aðrir bakhjarlar

Almannaheill mun leiða starfið og bera megin ábyrgð á verkefninu, kynna miðstöðina fyrir félögum innan sinna vébanda o.fl.

Miðstöð um samfélagsábyrgð við Háskóla Íslands mun veita faglega leiðsögn, fræðslu sem og að leggja fram fræðilegt efni, niðurstöður rannsókna á þriðja geiranum.

Oddfellow reglan leggur til húsnæði og til annarra aðila verður leitað um samstarf og fjármagn. Vonir standa til að opinberir aðilar komi með 50% fjármögnunarrinnar.

Kópavogi 8.september 2021

f.h. Almannaheilla

Jónas Guðmundsson, formaður

jgudm@simnet.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026